



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við setningu Akureyrarvöku,
árlegrar bæjarhátíðar**

25. ágúst 2023

Bæjarstjóri og bæjarfulltrúar,
kæru Akureyringar
og aðrir góðir gestir.

Fyrir hönd okkar Elizu þakka ég þá gestrisni, velvild og hlýhug sem við höfum notið í opinberri heimsókn okkar hér á Akureyri. Við höfum farið víða í dag, hitt unga sem aldna, kynnt okkur atvinnulíf og skólahald, menningu og mannlíf.

Fleiri mannfundir bíða á morgun en við höfum þegar séð að þessi fallegi bær virðist í blóma og flestum líða vel. Þurfi frekari vitna við leyfi ég mér að nefna nýlega könnun um búsetuskilyrði á landinu. Akureyringar lentu þar í öðru sæti og aðrir Eyfirðingar í því þriðja. Hér og nú látum við liggja milli hluta hverjir trónuðu á toppnum. Ykkur til hugarhægðar tek ég þó fram að það voru ekki Reykvíkingar.

Og ekki ljóstra ég upp neinu leyndarmáli þótt ég geti þess að góðlátlegs rígs hefur stundum gætt milli íbúa höfuðborgarsvæðisins og ykkar hér í höfuðstað Norðurlands. Oftar en ekki er það veðrið sem þá ber á góma og engan dóm skal ég á það leggja.

Vissulega er enginn skaði skeður með skensi af þessu tagi. Um leið megum við halda í allt hitt sem sameinar okkur í þessu landi, þessu landi sem er svo fallegt og getur verið svo gjöfult, hvað sem misjöfnum veðrum líður. Ef við viljum og þorum að hampa því á heilbrigðan hátt sem getur sameinað íbúa þessa lands – til dæmis tungumáli og virðingu fyrir algildum mannréttindum – mun okkur vel farnast.

Kæru Akureyringar og aðrir áheyrendur: Næsta sumar verða áttatíu ár liðin frá stofnun lýðveldis á Íslandi. Þá verða líka átta áratugir frá fyrstu ferð forseta Íslands til Akureyrar. Föstudaginn 4. ágúst 1944 kom Sveinn Björnsson í opinbera heimsókn hingað, fór víða um bæinn og meðal annars var samkoma hér í Lystigarðinum.

Í mannmergðinni voru öldungar, fæddir upp úr miðri nítjándu öld. Það fólk hafði séð sitthvað á langri ævi, jafnvel lifað við sult og seyru, þurft að þola skelfileg harðindaár og misrétti, ófremdarástand sem knúði marga ættingja þeirra til að flýja vestur um haf. Ég gef mér því að sum hinna öldnu hafi hugsað með sér þegar þau fögnuðu nýkjörnum forseta í nýstofnuðu lýðveldi hér í garðinum: Þetta gátum við þrátt fyrir allt, nú verður framtíðin bjartari!

Og hér erum við nær áttatíu árum síðar. Auðvitað er margt sem gera má miklu betur og margt var raunar fallett og farsælt í samfélaginu árið 1944 – sum þeirra vandamála sem við þurfum að glíma við nú um stundir voru ekki til þá og jafnvel má spyrja hvort fólk hafi verið þrautseigara og nægjusamara um þær mundir. Hvað sem um það má segja getum við haldið því fram að saman höfum við gengið til góðs. Heilt yfir eru lífsgæði meiri nú en þá, heilsa fólks betri og réttindi ríkari, fjölbreytni meiri og frelsi sömuleiðis, möguleikar allra til að sýna sjálfum sér og öðrum hvað í manni býr mun tryggari og jafnari.

Fyrir þetta megum við þakka – og hverjum þá, meðal annarra? Jú, þeim sem voru hérna með Sveini forseta á sínum tíma, þeirri kynslóð sem lagði sitt af mörkum með viti og striti og ekki síst í þágu okkar sem á eftir komum. Við hin yngri stöndum í þakkarskuld við þau öll og um leið er það skylda okkar að búa í haginn fyrir hina nýju kynslóð sem landið erfir.

Já, svona heldur hún áfram, saga þessarar þjóðar, saga þessa lands. Ugglaut er eitthvert fólk enn ofan foldar sem tók á móti Sveini forseta á nákvæmlega þessum stað fyrir tæpum áttatíu árum. Leyfum okkur líka að segja fyrir víst að eftir áttatíu ár muni einhver úr ungmennaskaranum, sem hér er í kvöld, fagna með öðrum forseta lýðveldisins Íslands.

Margt breytist samt í tímans rás. Sveinn Björnsson kom landveg frá Húsavík, hélt svo héðan með varðskipinu Ægi. Ekki eru til margar ljósmyndir af heimsókn hans, engin hreyfimynd. Á mörgum vinnustöðum var frí vegna komu hans, sú er ekki raunin nú og þykir ýmsum það eflaust miður. Víða var flaggað enda tilefnið ærið, fyrsta heimsókn íslensks forseta – nú er ég að koma hingað norður í sjöunda sinn frá því í ágúst í fyrra.

Eitt er þó alveg með sama brag, var þannig fyrir áttatíu árum, er þannig núna og verður örugglega þannig eftir áttatíu ár í okkar annars óvissu framtíð. Það er sá vinarhugur sem Akureyringar sýna á stundu sem þessari. Fyrir hönd okkar Elizu þakka ég enn þær hlýju móttökur sem við höfum notið hér og segi Akureyrarvöku hér með setta.